

Fundargerð 53. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 10. febrúar kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingebjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samræmd móttaka flóttafólks - 2012044SA

Tilraunaverkefni um samræmda móttöku flóttafólks er komið af stað og hafa nokkur sveitarfélög skrifað undir samkomulag um að taka á móti flóttafólki og nokkur er með það í skoðun. Samningar við sveitarfélögin hafa tekið tíma og hefur staðið í sveitarfélögum að standa við ákvæði samningsins um útvegna á húsnæði. Hafa einhver sveitarfélög fengið undanþágu frá þeirri kröfu. Það er ljóst að þeir fjármunir sem ákveðið var að setja í þetta verkefni af hendi ríkisins muni ekki ná að fjármagna þessa samninga.

Tilraunaverkefnið um samræmda móttöku tók gildi 1. apríl 2020 og er til eins árs. Nefndin bendir á mikilvægi þess að hefja samtal sem fyrst á milli ríkis og sveitarfélaga um framtíð þessa verkefnis og hvað taki við.

2. Leiðbeiningar um akstursþjónustu sveitarfélaga - 2102006SA

Leiðbeiningar um akstursþjónustu sveitarfélaga voru gefnar út á síðasta ári. Í 7. lið leiðbeiningna er fjallað um ferðir út fyrir mörk sveitarfélags. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög geri samkomulag sín á milli vegna notenda sem þurfa að nýta akstursþjónustu í öðru sveitarfélagi tímabundið. Sambandið tók að sér að taka saman viðmið um slíkt samkomulag ásamt viðmiðunargjaldskrá. Mynda þarf starfshóp til að vinna að þessum viðmiðum og gott væri að fá hugmyndir að tilnefningum í starfshópinn.

Nefndin leggur áherslu á að í starfshópnum verði fulltrúar frá sveitarfélögum í dreifðum byggðum ásamt fulltrúum frá höfuðborgarsvæðinu.

3. Skýrsla starfshóps um heilsueflingu aldraðra - 2101070SA

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóp sem tilnefndur var af Heilbrigðisráðuneytinu, um heilsueflingu aldraðra.

4. Stöðuskýrsla velferðarvaktarinnar 2019-2020 - 2009312SA

Lögð fram til kynningar stöðuskýrsla velferðarvaktarinnar 2019-2020

Fundi var slitið kl. 12:00

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir